

Úrskurður nr. 5/2002

- Tollflokkun

Kærð er ákvörðun tollstjóra sem birt var í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” um tollflokkun á “PASSOA DIABLO” gerjuðum áfengum drykk 5,4% að styrkleika. Kærandi mótmælir tollflokkun tollstjóra. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda í málinu.

Tollalög nr. 55/1987 100. og 101. gr.

Með bréfi, dags. 27. maí sem barst nefndinni 31. s.m. kærir K, “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” nr. 0200041, dags. 6. maí 2002, útgefin af tollstjóra. Þar tollflokkar tollstjóri áfengan drykk PASSOA DIABLO í tnr. 2208.9084. Kærandi mótmælir þessari flokkun og krefst þess að varan verði flokkuð í vörulið 2206.

Í kærinni segir m.a. að fyrirhugaður sé af hálfu fyrirtækisins innflutningur á nefndum drykk á næstu mánuðum. Í gögnum sem fylgdu kærinni er bréf frá Evrópuráðinu þar sem fram kemur að drykkurinn flokkist í vörulið 2206 (blöndur af öli og óáfengum drykkjarvörum). Að lokum kemur fram að það áfengi sem notað sé í drykkinn sé 14% maltbjór og telur kærandi að varan falli án efa í tnr. 2206.0054.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran til umsagnar með bréfi þann 31. maí 2002. Í svari sem barst þann 21. júní s.l. segir m.a. að í þeim gögnum sem fylgdu beiðninni um bindandi tollflokkun vörunnar hafi komið fram að varan sé samsett úr eftirfarandi: kolsýrt vatn, alkóhól, sykur, bragðefni (kaktus, ástaraldin, engifer, hindber og aðrar plöntur), sýruefni: E330, rotvarnarefni: E202 og E211, litarefni: karamel (E150a) og E129. Á grundvelli þessara upplýsinga hafi embættið flokkað drykkinn í tnr. 2208-9084 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár. Nú sé hins vegar komin fram nákvæmari innihaldslýsing og á grundvelli hennar er tekið undir sjónarmið kæranda þess efnis að PASSOA DIABLO sem er áfengur drykkur með 5,4% áfengisstyrkleika í glerflöskum sem innihalda 275 ml skuli flokkast í tnr. 2206.0054 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram í máli þessu. Varan PASSOA DIABLO er að uppistöðu úr blöndu af kolsýrðu vatni og gerjaðrar drykkjarvöru, þ.e. maltöli. Áfengisstyrkleiki drykkjarins er 5,4%.

Nefndarmenn eru sammála kröfu kæranda og breyttri niðurstöðu tollstjóra um tollflokkun vöru þessarar í tnr. 2206.0054.